

Nr. 055/ 12 Siggí Bessa SF 97**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2739
Smíðaður: Hafnarfirði 2007, plast
Stærð: 11,6 brl 15 bt.
Mesta lengd: 12,35 m Skráð lengd: 11,38 m
Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,43 m
Vél: Cummins 302 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Siggí Bessa ©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júní 2012 var var Siggí Bessa SF 97 á handfæraveiðum innarlega í Breiðarmerkurdýpi. Veður: Logn.

Skipstjóri ætlaði að kippa á veiðislóðinni og fór vélin í gang á eðlilegan hátt en stöðvaðist skömmu síðar. Þegar gangsett var að nýju stöðvaðist vélin aftur á sama hátt og þrátt fyrir margra tíma bilanaleit fannst engin bilun svo skipstjóri óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Ingibjörg dró Siggá Bessa SF til Hornafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að snertirofi í spennufellu (spennubreytir) fyrir stjórnstraum inn á vélina bilaði og hún fékk því ekki straum. Spennufellan skammtar réttri spennu inn á tölvustjórnun og rafkerfi vélarinnar. Hún tekur 24 V frá rafmagnsnetinu og fellir spennuna niður í 12 V;
- að ekki er hægt að keyra vélina án þessa rafmagns og ekki er ráðlagt að taka 12 V jafnstraum beint af rafgeymi inn á kerfið því það þarf stöðuga spennu til að vinna eðlilega;
- að skv. sérfræðiaðila var þetta innbyrðis bilun í búnaði fellunar og ekki hægt að gera við hana;
- að samkvæmt umboðsaðila var þetta í fyrsta sinn sem þeir heyrðu um svona bilun og sömu sögu var að segja frá Noregi. Vegna þess væri ekki hægt að ráðleggja neitt til að koma í veg fyrir þetta.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var bilun í spennufellu.